

Síðuskóli

- Móttökuáætlun fyrir erlenda nemendur

-



Í grunnskólalögum er kveðið á um að skólar skuli taka á móti nýjum erlendum nemendum samkvæmt móttökuáætlun skóla eða sveitarfélags. Móttökuáætlunin skal taka mið af bakgrunni nemenda, tungumálafærni og færni á öðrum námssviðum. Tryggja þarf að þessir nemendur og foreldrar þeirra fái ráðgjöf og aðgang að upplýsingum um grunnskólastarf. Einnig kemur fram í grunnskólalögum að skólum sé heimilt að viðurkenna kunnáttu nemenda með annað móðurmál en íslensku sem hluta af skyldunámi og geti það komið í stað kennslu í erlendu tungumáli.

Í móttökuáætlun Síðuskóla er stuðst við fjölmenningsstefnu Eypings frá 2017 sem finna má [hér](#).

Hlutverk og ábyrgð þeirra sem starfa í skólanum

Skólastjóri ber ábyrgð á að til sé móttökuáætlun fyrir nýja nemendur sem koma í skólann og þurfa kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Verkefnastjóri ÍSAT hefur það hlutverk að boða foreldra í móttökuvíðtal áður en skólaganga hefst. Ásamt honum sitja viðtalið; umsjónarkennari og túlkur ef þörf er á. Kennsluráðgjafi sem starfar á skóladeild er einnig upplýstur um boðað víðtal.

Áður en boðað er til móttökuvíðtals þarf að tryggja að:

- viðkomandi kennarar og starfsfólk sé upplýst um komu nemanda
- kennarar fái stuðning hjá verkefnastjóra ÍSAT við aðlögun nemanda s.s. við val á kennsluaðferðum og efni
- aðrir nemendur séu upplýstir og falin viðeigandi ábyrgð gagnvart nýjum nemanda
- túlkur sé fenginn ef þörf er á
- ÍSATkennsla sé skipulögð
- það sé skýrt hver ber ábyrgð á að skilaboð berist um daglegt starf í skólanum

Í móttökuvíðtali skulu eftirfarandi atriði rædd:

- skóladagatal
- stundaskrá
- nauðsynlegar upplýsingar um skóla (umsjónarkennarar, símanúmer, netföng)
- gjaldfrjálsa málsverði og ritföng
- daglegt skólastarf s.s. frímínútur, nesti, skólareglur, íþróttir og sund, frístund og veikindaforföll
- kynning á Mentor
- myndband um grunnskólakerfið á Akureyri
- gögn sem nemandi þarf að útvega s.s. skólatösku og íþróttaföt
- samstarf heimilis og skóla
- skipulag fyrstu skóladagana
- íslenskukennsla

- óskir og væntingar foreldra og nemanda
- áhugamál - styrkleikar og veikleikar barns
- upplýsingar um frístunda- og tómstundastyrk Akureyrarbæjar
- námslega stöðu nemanda og hvernig skólagöngu var háttað áður, fá afhent persónugögn ef einhver eru
- heilsufar nemandans, taka afrit af bólusetningarskírteini
- menning fjölskyldunnar og mikilvægi þess að rækta móðurmál nemandans
- samræmt stöðumat
- símafrí
- skóli skoðaður og bekkur heimsóttur

Nemendur gangast undir samræmt stöðumat frá Menntamálastofnun um það bil tveimur mánuðum eftir upphaf skólagöngu. Markmiðið með stöðumatinu er að styðja við vinnu skólanna varðandi mat á þekkingu nemenda af erlendum uppruna þannig að skólinn geti undirbúið og lagað kennsluna að þörfum nemandans og þekkingargrunni hans.

Íslenskukennsla og aðlögun

Mikilvægt er að nemandi sem kemur frá öðru landi fái tækifæri til að ræða uppruna sinn, menningu og tungumál. Umsjónarkennari og verkefnastjóri ÍSAT bera ábyrgð á íslenskukennslu og aðlögun nemandans. Nauðsynlegt er að gott og náð samstarf sé á milli þessara aðila. Lögð verði áhersla á að:

- nemandi fái ÍSAT tíma í samræmi við viðmiðunarstundatöflu MMS, annars er gert ráð fyrir að hann sé í sinni bekkjarstofu
- nemandi fái kennslu við hæfi í sem flestum námsgreinum
- nemandi læri á snjallforrit og vefsíður sem hjálpa honum við nám s.s. Helperbird
- nýr nemandi komist sem allra fyrst í góð tengsl við aðra nemendur í bekknum
- halda reglulega fundi með foreldrum fyrsta árið
- bjóða fjölskyldum að kynna menningu sína fyrir öðrum í skólanum
- verkefnastjóri og kennari ÍSAT hafi hæfniviðmið fyrir ÍSAT samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla til hliðsjónar þegar íslenskukennsla er skipulögð. Viðmiðin eru sett fram í fjórum þrepum; forstig, 1. stig, 2. stig og 3. stig
- tungumál nemenda séu sýnileg
- kennarar nýti upplýsingatækni, rafbækur, sjónrænt efni og myndrænar útfærslur í kennslu með nemendum
- unnið sé markvisst með verkefni sem tengjast mismunandi menningu, siðum og tungumálum

Gert er ráð fyrir að nemandi fylgi hæfniviðmiðum Aðalnámskrár fyrir erlenda nemendur í um það bil tvö til fjögur ár. Eftir það ætti hann að geta með stuðningi fylgt hæfniviðmiðum jafnaldra í íslensku. Með móttökuáætlun sem þessari er vonast til að aðlögun nýs nemanda gangi sem best og stuðli að farsælli skólagöngu.